

Morgunblaðið, 28.05.2026, síðu 60.
grein stærð: 1004.51 sm2
grein hæð: 38.61 sm

Gestir skannaðir og ávextir rotna

● Karin Sander leggur undir sig stóran hluta Hafnarhúss Listasafns Reykjavíkur ● Um fyrri verk og verk sem gætu orðið til ● Sýningargestum býðst að skanna sig og prenta af sér smástyttu

VIÐTAL
María Margrét Jóhannsdóttir
mariamargret@mbl.is



Karin Sander opnar á laugadag yfirgripsmikla sýningu í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, undir heitinu *Karin Sander 1957-2057*. Sýningin sem haldin er í tengslum við Listahátíð í Reykjavík leggur undir sig stóran hluta safnsins en sýningarstjórar eru Markús Þór Andrésson og Ólöf Kristín Sigurðardóttir.

Sander hefur verið áberandi í alþjóðlegu myndlistarlífi, hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna og listaverk hennar eru í eigu virtra og þekktra safna. Sander býr í Berlín og Austurríki en hefur verið tíður gestur hér á landi frá 1992. Hún átti til að mynda heiðurinn af vinningstillögu að útilistaverki í Vogabyggð árið 2018 sem gekk út á það að koma fyrir tveimur pálmatrjám í turnlaga gróðurhúsum. Tillagan olli töluverðu fjaðrafoki á sínum tíma og sitt sýndist hverjum um ágæti hennar.

Síður en svo klisjukennd


Verk Sander eru síður en svo klisjukennd en þau byggjast gjarnan á þátttöku gesta og hugmyndum um samspil efnis, tíma og staðar. Á sýningunni verður t.d. hægt að sjá ávexti og grænmeti hanga uppi á vegg og rotna fyrir augum fólks meðan á sýningartímanum stendur auk þess sem þar verða verk sem hafa verið geymd víðs vegar um Ísland við mjög svo ólíkar aðstæður eins og til dæmis í fjárhúsi.

Þá verða til sýnis eldri verk eins og hárteikningar, slípað hænuegg og fatahengi. Loks munu sýningargestir geta látið skanna sig inn í þar til gerðum þrívíddarskanna, sem verður svo að lítilli smástyttu.

„Við höfum unnið að þessari sýningu í töluverðan tíma, meira og minna síðustu tvö árin," segir Sander. „Þetta hefur verið mjög áhugaverður tími en ég hef aldrei sett upp sýningu með jafnmikið af verkum frá ólíkum tímabilum sem kallast svona skemmtilega á við hvert annað. Það er ákveðinn þráður sem tengir öll verkin saman en sjónarhornin eru samt sem áður gjörólík. Þá hefur það verið áhugaverð upplifun að fara yfir ferilinn í heild sinni."

Titillinn, Karin Sander 1957-2057, vekur spurningar. Snýst sýningin um þig?

„Já, að vissu leyti. Ártölin, sem spanna 100 ár, vísa til þess að þetta er yfirlitssýning en er á sama tíma sýning sem horfir til framtíðar. Hér er ég ekki bara að fást við fyrri verk mín heldur líka verk sem gætu orðið til í framtíðinni. Þá snúast verkin líka með einum eða öðrum hætti um sjálfsmyndina og tímann. Tökum sem dæmi verkið „Identities on Display" sem blasir við sýningargestum fyrst þegar gengið er inn í safnið. Það samanstendur af þar til gerðum glerkössum þar sem gestir geta tekið af sér yfirhafnir og hengt þar upp og verða um leið þátttakendur í verkinu. Þá gefa fötin ákveðnar hugmyndir um tímann og geta t.d. sagt okkur hvernig veðrið er úti, hvort það sé rigning, kalt eða hlýtt."



Morgunblaðið/Hulda Margrét

Tæknin **Karin Sander stillir sér upp í skannanum sem notaður verður til þess að skanna inn sýningargesti.**

Skrifa undir skjal

Eftir að gestir hafa hengt af sér er gengið áfram inn í salinn á jarðhæðinni og þar tekur á móti gestum feikistór skanni sem hægt er að stíga inn í og láta skanna sig með laser-tækni og í framhaldinu verður prentuð út smástytta af viðkomandi. Skönnunin tekur stutta stund en það getur þó verið nokkurra daga bið eftir stytt-unni sem verður svo til sýnis á sýningunni. Gestir fá ekki að taka styttuna með sér heim heldur verða þeir sem láta skanna sig að skrifa undir skjal þar sem þeir leyfa að skúlptúr af sér verði varanlegur hluti af listaverkinu og að það megi sýna hann á fleiri sýningum í framtíðinni. „Stytturnar fanga miklu meira en það sem ljósmynd getur fangað. Hér getur maður séð einstaklinginn frá öllum sjónarhornum og allir eru ólíkir og fallegir á sinn hátt. Það hvernig einhver stillir sér upp og ber sig, er einstakt fyrir hvern og einn."

Safn að rannsóknarstofu

Sander var á sínum tíma einn af fyrstu listamönnunum sem nýttu sér þrívíddartæknina í listsköpun sinni en skanninn sem hún notast nú við er mjög tilkomumikill. „Ég byrjaði á þessu 1997 en mig langaði að skanna inn heila manneskju. Það var nýbúið að þróa svona skanna en í ljós kom að ég þurfti mun nákvæmari skanna til þess að geta gert nákvæma eftirmynd af manneskju. Það þurfti því að búa til nýtt forrit fyrir mig. Tækni-

> Að baki hverju verki liggur mikil rannsóknarvinna og langur þróunartími. Stundum virðast verkin við fyrstu sýn afar einföld en svo er alls ekki.

mönnunum sem aðstoðuðu mig við þróunina fannst þetta frábær hugmynd og þeir hafa reynst mér vel. Í fyrstu var bara hægt að ná löguninni en ekki litnum en nú er búið að tengja litinn líka við gögnin. Þetta var langt ferli en síðan þá hefur tækninni fleygt fram og á þessari sýningu er skanni sem ég er að vinna með í fyrsta sinn. Safnið verður því að eins konar rannsóknarstofu."

Í hári leynast upplýsingar

Annað verk sem er forvitnilegt eru svokallaðar hárteikningar. Þar hefur hún fengið hár úr um 80 einstaklingum og látið falla á pappír sem á er lím. „Á þeim tíma bjó ég í New York og fyrirtæki vildu að umsækjendur gæfu af sér hársýni til þess að kanna hvort þeir hefðu nýlega neytt vímuefna. Í hárinu leynast miklar upplýsingar um fólk og það er hægt að fá mjög greinargóða mynd af lífi einstaklingsins í gegnum hárið. Hárið er ekki klippt heldur dregið úr höfðinu með rótinni. Ég leyfði því að falla náttúrulega á pappírinn og þrýsti svo niður. Sum hárin féllu á pappírinn líkt og landslag en önnur minntu á líkama. Öll mismunandi að lit, lengd og þykkt."

Skiptir rannsóknarvinna þig miklu máli í listinni?

„Já. Að baki hverju verki liggur mikil rannsóknarvinna og langur þróunartími. Stundum virðast verkin við fyrstu sýn afar einföld en svo er alls ekki. Á þessari sýningu verða t.d. ávextir og grænmeti fest upp á veggina. Það er þó ekki festir upp með venjulegum nöglum heldur með sérhönnuðum nöglum sem voru lengi í þróun og tryggja það að grænmetið hangi rétt á veggnum.

Verkin mín eru þess eðlis að ég þarf að vinna með fjölmörgum sérfræðingum á ólíkum sviðum, eins og til dæmis landslagshönnuði, arkitektum, verkfræðingum og fleirum. Nú er ég til dæmis að reyna að finna út úr því hvernig ég hengi upp gríðarstórt teppi sem er 30 metrar að lengd og 3 metrar að hæð. Þyngdin er 180 kg. Það er ekki hlaupið að því að hengja það upp," segir Sander sem segir að forvitnin dríf sig áfram í sköpuninni. „Það kemur alltaf eitthvað nýtt sem vekur forvitni manns. Maður verður líka fljótt leiður á því að hafa alltaf sama háttinn á hlutunum. Mitt ráð til ungra listamanna væri því að halda í forvitnina," segir Sander en sýningin stendur til 20. september.



Egg **Karin Sander við eitt verka sinna sem er til sýnis í Listasafni Reykjavíkur. Um er að ræða hænuegg sem hefur verið slípað af mikilli kúnst.**